

14. Reglugerð um skápa fyrir einstaklingsbúnað

- 14.1 Varaformaður sveitarinnar hefur umsjón með skápum og úthlutun þeirra.
- 14.2 Umsókn um að fá skáp til umráða skal skila til umsjónarmanns.
- 14.3 Umráðamaður skáps skal vera fullgildur og útkallshæfur félagi í Súlum
- 14.4 Skápar og önnur geymslurými félaga í H-12 eru fyrir búnað til notkunar í starfi sveitarinnar
- 14.5 Í skáp skal umráðamaður geyma fatnað, búnað og nesti til að geta mætt beint í hús í útkall, sama hvers eðlis það er og hvar á landinu. Búnaðurinn og nestið skal duga til a.m.k. sólarhrings.
- 14.6 Þeir félagar sem eru sérhæfðir á einhvern hátt, t.d. ökumenn vélsleða, undanfarar o.s.frv. skulu einnig geyma þann búnað sem tilheyrir því hlutverki, s.s. vélsleðahjálmi og brynju, klifurbúnað o.s.frv.
- 14.7 Snyrtilega skal vera gengið frá fatnaði og öðrum búnaði í skápum. Alla jafna skulu skápar vera lokaðir.
- 14.8 Bannað er að festa límmiða, handföng eða annað utan á skápana.
- 14.9 Ef umráðamaður skáps hefur ekki sinnt útköllum eða öðru starfi fyrir sveitina síðustu sex mánuði og útlit fyrir að svo verði áfram ber honum að tæma skápinn og afhenda umsjónarmanni lykilinn.
- 14.10 Ef umráðamaður skáps geymir, að mati umsjónarmanns, ekki nægan búnað í honum til að teljast útkallsfær (sbr. 14.5 og 14.6) skal honum gert að bæta úr því sem fyrst. Ef umráðamaður gerir ekki viðunandi ráðstafanir í kjölfarið ber honum að tæma skápinn og afhenda umsjónarmanni lykilinn.
- 14.11 Stjórn tekur á ágreiningsmálum sem upp kunna að koma varðandi úthlutun skápa.